

Reykjavík, 18.janúar 2014

Varðandi Kastljóspátt í gær og fyrirhugaða umfjöllun í kvöld.

Að gefnu tilefni vil ég vekja athygli á eftirfarandi:

Í umfjöllun Kastljóss í gærkvöldi um alvarleg brot gegn fatlaðri konu er ítrekað talað um brot af hálfu fósturföður hennar. Það er alls ekki rétt, heldur er hér um að ræða **stjúpföður** hennar. Afar erfitt er fyrir leikmann að gera annað en að draga þá ályktun að þarna sé á ferðinni fósturforeldri (!) sem gerist brotlegt með skelfilegum hætti gegn bæði fullorðinni konu (stjúpdóttur sinni) og barni hennar.

Þar sem gríðarmikill munur er á hugtökunum fósturforeldri og stjúpforeldri er grafalvarlegt mál að ímynd fósturforeldra sé dregin í gegnum svaðið á þennan hátt.

Nauðsynlegt er að vekja blaða- og fréttamenn til umhugsunar um það hugmyndabrengr sem orðaval þeirra kemur til leiðar. Fósturforeldrar eiga undir högg að sækja í umfjöllunum fjölmiðla í mörgum barnaverndarmálum og verðum að gera okkur að góðu að geta ekki borið hönd fyrir höfuð okkar í þeim tilfellum (frekar en aðrir sem starfa að þeim málum) en þegar umfjöllunin er um óskyld mál þá er alvarlegt að hið fallega starfsheiti okkar sé svert með þessum hætti.

Ég óska því sterklega eftir því að þetta verði leiðrétt og vil benda fjölmiðlafólki á að gæta að muninum á þessu tvennu í umfjöllunum sínum eftirleiðis.

Virðingarfyllt
Guðbergur Birkisson
Formaður félags fósturforeldra